

S T A R F S S K Y R S L A .

1 9 7 6

Grðrarstöðin Tumastöðum.

Veðurfar ársins.

Hér á eftir verður reynt að geta þess helsta í veðurfatí hvers mánaðar eins og gert hefur verið í fyrri starfsskýrslum og koma þá í ljós helstu einkenni fyrir hvern mánuð.

Veturinn (jan.- mars). Jandar kaldari en í meðalári, snjókomudagar voru 13 í mánuðinum sem var mjög umhleypingasamur og breitileg veðrátta frá degi til dags. Snjór og glæra um allt.

Febrúar mildur en nokkuð veðrasamur en oftast snjór á jörðu var oft slyddu veður, klaki mjög lítill í jörðu, frost sjaldan og aldrei á auða jörð.

Mars mánuður var framan af frostlítill en um 25. gerði tölverðan snjó í hægu veðri með nokkru frosti.

Veturinn hefur því verið fremur umhleypinga samur en farið fremur vel með gróður ekki eða sjaldan frosið á auða jörð.

Vorið (apríl- mai) Apríl fremur hagstæð tíð og fór gróður að lifna um miðjan mánuðinn en þá var oft hlýtt og tölvert sólfar og mjög lítill klaki í jörðu sem er fremur óvenjulegt.

Mai kaldari en í meðallagi, sérstaklega framan af og oftast næturfrost. Að örruleiti hægviðri og gott veður og fór gróður að taka við sér um miðjan mánuðinn.

Vorið var því hagstætt en fremur kalt.

Sumarið (Júní - sept.). Júní tæplega í meðallagi hlýr og var oft kalt um nætur, mælanleg úrkoma í 17 daga.

Júlí má teljast hlýr og hægviðri flesta daga eða logn. Úrkoma var í 19 daga.

Ágúst mjög úrkomasamur og langt yfir meðallag og mældist úrkoma í 29 daga og úrkoma mánaðarins 300 m/m og oftast S.A. átt og hiti neðan við meðallag. Mjög óhagstæð veðrátta öllum úti verkum.

September fremur hagstæður útiverkum, úrkoma mældist 18 daga í mánuðinum. Næturfrost var 7,8,9 og 11. mánaðarins.

Sumarið kalt og votviðrasamt.

Haustið (okt.- nóv.). Október að mörguleiti hagstæð tið, úrkoma var í 19 daga.

Nóvember óvenju hlýr og góður en tölverð úrkoma. Frysta tók 26. og fór klaki ekki úr jörðu eftir það.

Haustið var því fremur hagstætt en mjög blautt um.

Desember sólríkur og því sem næst úrkomukaus og óvenju mildur.

Vöxtur og brif trjágróðurs.

Laufgun og lauffall. Birki-skjólbeltin á Tumastöðum og annar gróður fór óvenju snemma af stað í vor, en birkiskjólbeltin voru ekki full laufguð fyrr en 7. júní. Lauffall varð 1. október.

Vöxtur. Vöxtur trjágróðurs var fyrir neðan meðallag og sama er að segja um trjágróður sem er hér í uppeldi og er þá miðað við að ekki sé notað plast eða gler til að örva vöxtin.

Fræfall. Mjög lítið var hægt að safna af lúpínu fræi og af því sem safnað var voru stönglarnir mjög stuttir og því fáir belgir á hverjum stöngli. Könglar sáust ekki á sitkagreni og ekkert var af fræi á birki.

Starfsfólk.

Vinna féll að mestu leiti niður yfir vetrar mánuðina, en byrjaði í apríl og stóð óslitið til áramóta.

Alls námu kaupgreiðslur til starfsfólksins hér í gróðrarstöðinni samkvæmt kaupskrá 6.188.153 króna og hefur hækkað um 35% frá árinu á undan en þá voru vinnuvikur alls 276,9 en eru nú 284,7.

Starfsfólk á árinu, unnar vinnuvikur í hverjum mánuði.

	konur	karlm.	samtals
Janúar	2	2	4
Febrúar		5,2	5,2
Mars		8	8
apríl	15,3	9,2	24,5
maí	24,7	10,5	35,2
júní	41,7	24,2	65,9
Júlí	41,3	21,8	63,1
Agúst	15,6	14,1	29,7
sept.	2,5	11,7	14,2
okt.	5	7,2	12,2
nóv.	6,9	7,4	14,3
des.	<u>3,3</u>	<u>5,1</u>	<u>8,8</u>
Samtals	158,3	126,4	284,7

Hvað kostaði unnin klukkustund á síðasta ári? Unnar klst. hjá karlm. var 6.428 en 7.920 hjá konum eða samtals 14.348 klst. og hefur því hver klst. kostað 431,29 kr. en ef fæðisp., þingj., sjúkrasjóðsgj. orlofsjóðsgj. og lífeyrissjóðsgj. ásamt launaskatti og akstri er tekið með í dæmið kostaði hver klukkustund 515,44 kr.

Gróðrarstöðin.

Freyplöntur. Sáð var 4,70 kg. af fræi í 540 m². Sáningin kom særilega til en að minn álti of gisin. Þegar líða tók á sumarið

för að drepast í beðunum og lýsti það sér með því að ræturnar visnuðu svo ekkert varð eftir nema stöngullinn, hvort þetta hefur verið mygla sem ég hef ekki trú á eða um vatnsrotnun að ræða vil ég ekki segja um, eins getur verið og er ekki óliklegt að ræturnar hafi verið nagaðar burtu af ranabjöllu. Komið verður að því síðar. Aðallega bar á þessu í stafafuru og nokkuð í sitkagreni.

2/0 plöntur eru smáar, sérstaklega stafafuran en ætti að vera góð í móband, sitkagrenið er svona særilegt til dreifsetningar.

Dreifsetning. Í summar var dreifsett 431.781 stk. Á venjulegan hefðbundinn hátt 276.017 stk. en í móband 155.764 stk. Í haust leit þetta mjög vel út, voru ekki sjáanleg nein afföll en hvað síðar kann að koma í ljós er ekki gott að segja um, þó bar ofurlítið á myglu í móbandi og mun stafa af veðrattunni síðari hluta sumars.

Vöxtur á 2/1 plöntum var mjög góður sérstaklega á sitkagreni, en síðastliðinn vetur var haft plast eða gler yfir beðunum og fóru þær því snemma af stað og náðu vel sölustærð, en fóru að vaxa aftur síðumars og var komið fram á vetur áður en þær voru búnar að ganga frá sér, en hvort eitthvað verður um haustkal er ekki hægt að segja um nú.

Stafafura 2/2 er fremur smá en góð, hún hefur öll verið tekin upp og sett í káli. Sama er að segja um bergfuruna hún er smá.

Hreinsun. Gesatop var notað hér eins og á undanförnum árum. Sprautuð voru öll nýdreifsett þeð en að örruleiti handhreinsað nú er komið nýtt lyf á markaðin sem heitir gardoprím 80 og þarf að gera gangskör að því að útvega það.

Fraðbeð voru sprautuð með terpentínu og síðan handhreinsuð.

Komast þarf að því hvaða lyf væri best að nota í skjólbelti og

limgirðingar og allt umhverfi gróðrarstöðvarinnar til þess að n minnka frædreifingu í gróðrarstöðinni.

Umbúnaður. Nú veru í fyrsta sinn sett upp skjölborð til hlífðar á kanta allra dreifsetningar þeða þessa árs og mun vera ófyrara en að setja kanttorf eins og áður var gert, auk þess sem borðin halda uppi öðrum vetrarumbúnaði svo hann skaði ekki plönturnar.

A 1/3 karmanna voru settir gluggar eða grindur sem búið var að setja á plast, á 1/3 var aðeins sett lim sem sótt var í Skarfanes og á 1/3 notaðar gamlar grindur. Þetta hefur gefið góða raun undanfarandi 2 ár en þau hafa líka verið óvenju hagstæð, svo engin afföll hafa verið veturinn eftir dreifsetningu.

Skjölgrindur voru settar upp í götur og umhverfis eldri dreifsetningar.

Nú er það svo að þar sem gluggar og grindur með plasti eru notuð er mikil hætta á vexti síðumars.

Afhending. Afhentar voru 206.935 stk. af skógarplöntum sem komu úr kæli nema móbandsplönturnar en flutningur á þeim veldur nokkrum erfiðleikum. Af dreifsetningarplöntum voru afhentar 92.250 stk. og af garðplöntum voru afhentar 3.479 stk. og því hafa verið afhentar hér 302.664 stk. í ár.

Eg veit ekki annað en að plönturnar hafi líkað vel, nema einstaka undantekning og ég vil benda á að þegar kvartað er yfir að plöntur séu ekki góðar og jafn-vél skemmdar stafar það þá ekki af vangá kaupanda? Þegar þessar kvartanir koma eru oft liðnir margir mánuðir og fylmislegt getur þá hafa skeð sem ekki er hægt að rekja til seljanda.

Garðplöntur. Eins og áður hefur verið getið voru afhentar 3.479 stk. af garðpl. og græðlingum.

Af trjákendum græðlingum voru teknir og stungið í ber með svörtuplasti en af sumargræðlingum voru teknir 8.250 stk. Þottað var um 5.460 stk af fylmum tegundum, en garðplöntu uppeldinu hefur ekki verið sinnt sem skyldi nú í 2 ár og skógarplönturnar

látnar sitja í fyrirrúmi.

Annað. Skipt var um aðal vatnslögn fyrir gróðrarstöðina ofan frá uppistöðu lóni og ofan í reit en leiðslan er 70 m/m í þverm.

Við fengum í sumar áburðarblandara af gerðinni Gewa LF 60 og reyndist hann mjög vel en kom allt of seint til að af honum væri nokkuð gagn að ráði.

Eins og getið var um að framan, hefur á síðasta ári borið mikið á ranabjöllu lirfu hér í gróðrarstöðinni og hefur hún valdið nokkuð mikklum skemmdum á dreifsetningu þeði í beðum og í móbandi, einnig er hugsanlegt að hún hafi valdið skemmdum á fræþeðsplöntum.

Svo mikil brögð voru af skemmdum af ranabjöllunni að síðast-liðið haust þegar tekið var upp sitkagreni 2/4 að ræturnar voru næstum búnar og er því ekki um annað að gera en henda þeim, nokkuð var um illgresi í þessum beðum og er tekið var upp úr þeim kom í ljós að það voru á milli 100-200 lirfur á m² þar sem mest var. Lirfan finnst allstaðar í gróðrarstöðinni nema í ný-dreifsettum beðum, hún fannst í sáðbeðum frá því í vor og býst ég fastlega við að þær skemmdir sem þær eru megi rekja til hennar, einna verst er ástandið í gróðurhúsum og er hún að gera skaða þar allt árið.

Ég fór um stöðina í haust og varð allsstaðar var við lirfuna, á auðum svæðum fannst hún líka, en mikið í skjólbeltum, skurðum og grasköntum. Mestan usla gerir hún í gróðurhúsum og virðist vera að klekjast út allt árið. Við tókum lirfu og settum í frost nokkra daga og athuguðum svo þegar moldin fór að þiðna hvað gerðist og var lirfan farin á stjá áður en moldin var full þiðnuð. Við notuðum fmsar tegundir af lyfjum og virðist árangurinn ekki vera sem skyldi og eins hitt að eggín eru alltaf að klekjast út, eins er það að ég er ekki frá því að það sjái á plöntum þar sem mest hefur

verið notað af lyfjum. Lirfan virðist líka halda sig djúpt í jörðu og því óhægt að ná til hennar með lyfjum.

Nú er það svo að það virðist ekki koma annað til greina en að fara með lyf yfir alla gróðrarstöðina skjólbelti og skurði og þá er spurningin þessi hvaða lyf á að nota? Lyfið virðist þurfa að komast allt að 20 cm. niður í jörðina. Ekki virðist annað séð en þá verði öllu lífi eytt ánamökum sem öðru.

Gróðursetningar.

Í brekkuna hér var plantað sem hér segir.

Blágreni 2/2 Mc Kenzie B-781	430	stk.
Svartgreni 3/3 Alberta B-721	1.120	-
Sitkagreni 2/2 Tumastöðum B-826	2.500	-
Sitkagreni 3/3 Homer B-712	250	-
Bergfura 2/1 H. confl. B-840	<u>250</u>	<u>-</u>
Samtals	4.550	stk.
	=====	

Annað. Í Múlakoti var eins og á undanförnum árum umsjónarmaður til að hreinsa og lagföra í garðinum og hafa eftirlit með skoðunar-fólk og vera því til leiðbeiningar. En um helgar var oft margt um mannin í stöðinni og skipti hundruðum og þarf því að vera umsjónarmaður þar.

Byggingar.

Viðhald og endurbætur. Í kæliklefa voru smíðaðar hillur til geymslu á plöntum því mikið skorti á að þær sann fyrir voru væru nægjanlegar og ekki síst vegna þess að Sig. Blöndal kom með mikið af plöntum til geymslu hér. Hillurnar sem nú voru smíðaðar ættu að geta rúmað 70-100 þúsund stk. af sitkagreni 2/2 eða 120-170 þ. af stafafuru 2/2.

Hillurnar eru þannig smíðaðar að það tekur aðeins ~~mm mm~~ smástund að taka þær niður eða fera þær til.

Smíðaðar voru hillur í gamla fjósið til geymslu á ýmsu efni

svo sem pottum, plasti, bökkum o.fl. svo það sé aðgengilegt og ekki geymt í einum haug.

Umdæmisbústaður. Eg hef á undanförnum árum beðið um fjárvéitingu til viðgerðar og einangrunar á íbúðarhúsi skógarvarðar en því hefur ekki verið sinnt.

Nú fer ég einu sinni enn fram á að tekið verði tillit til þessarar beiðni minnar við úthlutun rekstrar fjár fyrir árið 1977.

Það sem gera þarf er þetta.

1. Skipta þarf um glugga í íbúðarhúsini að mestu, búið er að skipta um nokkra glugga.

2. Einangra húsið að utan og klæða með áli eða öðru varanlegu efni.

Um íveru húsið má segja að það sé að mestu óeinangað og heldur ekki vatni, þó svo hér verði byggt íbúðarhús fyrir skógarvörð tekur það nokkur ár að það verði fullgert og eins hitt að viðgerð á húsinu sem nú er íbúðarhús skógarvarðar þarf engu að síður að gera við og því tel ég að þír þarf engi að því að lagfæra það og ekki þurfi að koma nýr maður í íbúðarhúsið áður en þessu verður sinnt.

Einnig þarf að koma upp betri snyrti aðstöðu og lagfæra eldhús. Þessu væri hægt að skipta á 2 ár.

Skoðun og eftirlit mun fara fram á öllum eldri raflögnum í sveitinni á þessu ári. Þar sem hér á Tumastöðum eru allir tenglar ójarðbundnir og töflur úr tré, auk þess sem allur ídráttarvír er tjöruborinn og ekki löglegur lengur, má búast við að skipta þurfi um töflur og jarðbynda í eldhúsum, en hvað þarf að skipta um ídráttarvír annað en í tenglum, er ekki gott að segja að svo stöddu, það fer eftir því hvað finnst athugavert.

Öhjákvæmilegt er annð en að sætla fé í þetta viðhald. Mér er tjáð að þetta muni kosta um 800-900 þúsund kr.

Hér eru til 110 plötur af báruplasti sem keyptar voru í gróðurhús til uppsetningar hér á staðnum, en á undan fórnum árum hefur ekki verið talið fært að koma því upp vegna fjárvíkars, það er bráðnauðsynlegt að fara að taka ákvörðum um uppsetningu á húsinu og láta ekki mörg á líða án þess.

Nákvæm kostnaðaráætlun er ekki fyrir hendi en búast má við að hann verði ekki undir 1,4 - 1,6 milj. kr. Stærð hússins mundi vera 27x8 m. eða 216 m².

Vélar og verkfæri.

Mótorinn í gamla ~~málmánum~~ Kælirnum varð ónýtur í vor og ekki hægt að gera við hann svo skipt var um mótor og einnig var sett ný rafmagnstafla og leiðslur lagfærðar.

Yfir veturinn var farið yfir vélar og verkfæri og þau undirbúin fyrir sumarið.

Mótorinn í eldri dráttarvélinni á staðnum sem er frá arinu 1955 er orðinn svo slitinn að ekki verður komist hjá því að gera hann upp og þar sem panta þarf varahluti frá Englandi ákvað ég að setja hana í viðgerð nú upp úr áramótum, til þess að hún verði nothaef er vorannir byrja. Kostnaður við þetta má varlega áætla 400 þús. kr.

Nýjan jarðtætara þarf að kaupa en sá gamli er 20 ára og orðinn svo slitinn að hann er ónothaefur. Kaupverð á tætara 60 tommu er kr. 390 þúsund en slikan tætara ræður dráttarvélin við ef ekki er farið með hann á gróið land.

Plöntuupptakara sem hrístir moldina eða er driftengdur er nauðsynlegt að fá, ekki veit ég um verð á sliku tæki en skrifstofan hefur kannski upplýsingar um það.

Yfirlit yfir viðskiptareikning við Skógrækt ríkisins Ránarg. 18

	Innborgað	Útborgað
Jöfnudur inneign hjá reiknings.	2.728	
Rekstrarfé frá S.R.	6.700.000	
Greitt af S.r. í Reykjavík	398.069	398.069
Vextir	14.797	
Innkomið fyrir skógarpl.	21.980	
Innkomið fyrir garðpl.	1.182.555	
Endurgr. frá Samvinnutr.	20.184	
Innk. frá viðskiptam.	1.129.123	
Greiddir reikningar		2.664.561
Greidd vinnulaun	<hr/>	<hr/> <u>6.763.299</u>
Samtals	<u>9.469.436</u>	<u>9.825.929</u>
Mismunur skuld við reikningsh.	<u>356.493</u>	<hr/>
Samtals	<u>9.825.929</u>	<u>9.825.929</u>

Hér á eftir fylgir viðfangsefna sundurliðun og þar á eftir sundurliðun vinnulauna.

Viðfangsefnaskipting.
=====

0 1 Laun og fyrirvara starfsmannaútgjöld.

0 111/19	Dagvinna	4.485.145
0 121/19	Eftirvinna	1.516.781
0 122/19	N- og helgidagav.	186.227
0 156/19	Fæðispeningar	541.400
0 171	Iögj. til slysa- og atv	140.983
0 172	Sjúkra og orlofssj. ...	23.303
0 173/02	Iögj. til annara lifeyiss.	87.126
0 175	Launaskattur	<u>216.585</u>
		7.197.550

0 22 Raforka.

0 222/19	Gróðrastöðin Tumastöðum	<u>310.979</u>	310.979
----------	-------------------------	----------------	---------

0 23 Oliur og bensín.

0 232	Olía til upphitunar ...	114.252
0 235	Olía og bensín v/ véla	9.457
0 237/01	Olía og bensínv/dráttarv.	12.172
0 237/14	Olía og bensín v/ L-233	<u>6.286</u>
		142.167

0 26 Tryggingar efnislegra fjármuna.

0 262/01	Skyldutrygging húseigna	25.291
0 262/02	Frjálmarsatr. húseigna ..	4.311
0 267/04	Tryggingar flutningat..	<u>19.008</u>
		48.619

0 27 Aðkeypt viðhald efnislegra fjármuna.

0 272/11	Umdæmisbústaður	41.269
0 272/12	Starfsmannabústaður ...	6.731
0 272/14	Plöntugeymslur	205.741
0 272/15	Verkferrageymsla	23.512
0 275	Vélar	28.180
0 275/02	Kælivélar og kælikerfi	130.880
0 276/01	Verkfæri og áhöld	24.479
0 276/02	Skrifstofuvélar	6.908
0 277/01	Dráttarvélar	21.266
0 278/01	Vatnskerfi í gróðrarst.	107.858
0 279	Annað aðkeypt viðhald .	<u>21.498</u>
		618.322

0 28 Ýmis stofnkostnaður sem ekki færist á eignaskrá.

0 286/01	Ýmis handverkfæri	96.605
0 288	Ymsar eignir	<u>288.038</u>
		384.643

0 31 Sáðvörur, áburður, plöntur o. fl.

0 311/02	Plöntur til endursölu ..	155.300	
0 312/11	Jarðvegsbetandi efni ..	<u>56.282</u>	211.582

0 39 Ymsar rekstrarvörur.

0 391	Matvörur	27.138	
0 392	Viðlegubúnaður	4.485	
0 393	Ræsti- og hreinlatisv.	10.419	
0 396	Umbúðir	28.594	
0 397	Kemiskefni	39.981	
0 399/01	Vörur til gróðrarst. ..	135.555	
0 399/03	Ymsar vörur	<u>23.150</u>	269.322

0 41 Ritföng, pappír, símakostn. ofl.

0 411/02	Reikningsh.	13.086	
0 413/01	Bækur	1.200	
0 414/19	Gróðrarst. Tumast.	50.998	
0 415/02	Reikningsh.	1.750	
0 416	Auglysingar	<u>19.937</u>	86.971

0 42 Ferðakostnaður, risna ofl.

0 423	Dvalarkostnaður	<u>700</u>	700
-------	-----------------------	------------	-----

0 43 Aðkeyptur akstur flutningsgj. og vinnuvéla.

0 431/02	V. gróðrarst.	15.000	
0 431/52	v. gróðrarst.	197.942	
0 432/02	Afurðafl.	8.780	
0 432/02	Aðdrættir	<u>6.146</u>	227.868

0 51 Eignaskattur og önnur opinber gjöld.

0 511	Fasteignaskattur	27.500	
0 530	Ymis opinber gjöld	3.340	
	Endurgreitt lán	34.000	
	Söluskattur	<u>196.887</u>	261.727

0 8 Gjaldfærður stofnkostnaður.

0 850	Vélar og vélasamst. ...	65.488	<u>65.488</u>
-------	-------------------------	--------	---------------

Samtals

9.825.929

Sundurliðun vinnulauna.

1 Skóggarsla.

103	Gróðursetning	24.768
104	Hirðing Múlakoti	178.314
106	Framsöfnun	6.782
113	Viðleguk.	<u>28.128</u>
		237.992

2 Gróðrarstöð.

203	Sáningar	310.800
204	Dreifsetning	1.393.143
205	Garðplöntur	760.012
206	Pottun	125.100
207	Hirðing	193.908
208	Afhending	554.233
209	Illgresiseyðing	630.296
210	Jarðvinnsla	72.247
211	Vetrarumbdúnaður	247.719
212	Skjólbelti	44.109
213	Smíðar	76.820
214	Ymislegt	60.072
221	Skógarreitir	<u>16.674</u>
		4.485.133

3 Ransóknir og tilraunir.

Kvæmopl. af blágreni ...	<u>40.485</u>	40.485
--------------------------	---------------	--------

4 Stjórnun.

403	Skógarverðir	63.603
404	Verkstjórn	1.225.693
406	Veikindad. og <u>fríd.</u>	<u>75.723</u>
		1.365.024

5 Viðhald.

506	Umdumisbústaður	42.015
510	Verkfærri	10.144
581	Vatnakerfi	<u>7.360</u>
		<u>59.519</u>

Samtals	<u>6.188.153</u>
=====	

GROÐRARSTÖÐIN Tumastöðum

Tuna stöðum

...Ariö ... 1976.....

1. Sánning

Tegund	Kvæmi	Nr.	Spir.	Kg.	M ²	Skýringar
Birki	Bæjarstað	B-844		0,7	72	
Blágreni	Highwood S.	B-825		0,07	12	
Rauðgreni	Brönnöy	B-801		0,13	15	
Sitkagreni	Homer	B-886		1,2	180	
Sitkagreni	Haines	B-911		0,19	21	
Broddfura	Costilla	B-893		0,23	6	
Stafafura	Skagway	B-935		0,4	108	
Stafafura	White Pass	B-934		0,07	12	
Stafafura	Haines	B-908		0,16	36	
Síberíulerki	Altai	B-894		1,5	72	
Marböll	Wrangell	B-933		0,05	6	
	Samtals			4,70	540	

GRÓÐRARSTÖÐIN Tumastöðum Árið ..1976.....

2. Dreifsetning og græðlingar. (Einnig drs.pl. til annara stöðva.)

Tegund	Kvæmi	Nr!	Aldur	Fjöldi	Skyringar
Birki	Hall.	B-900	1/0	22.008	m
Birki	Bæjarst.	B-844	2/0	5.520	m
Sitkagreni	Skagway	B-862	3/0	504	m
Sitkagreni	Selfoss	B-860	3/0	2.912	m
Sitkagreni	Lýsish.	B-861	3/0	2.408	m
Sitkagreni	Tumast.	T-44	3/0	2.380	m
Sitkagreni	Cordova	B-817	2/0	4.368	m
Sitkagreni	Cordova	B-817	2/0	56.568	
Sitkagreni	Homer	B-858	2/0	2.828	m
Sitkagreni	Homer	B-858	2/0	42.170	
Sitkagreni	Sitka	B-668	2/0	36.144	
Sitkagreni	Tumast.	T-63	3/0	1.344	m
Sitkagreni	Tumast.	B-826	2/2	1.500	
Rauðgreni	Bindal	B-803	2/0	21.740	
Blággreni	Mc Kenzie	B-781	2/0	4.940	
Bergfura	H.conf.	B-859	2/0	13.450	
Bergfura	H.conf.	B-859	1/0	8.596	m
Stafafura	Skagway	B-890	2/0	32.880	
Stafafura	Skagway	B-890	2/0	78.032	m
Stafafura	Haines	B-854	2/0	65.760	
Broddfura	Hall.	B-881	2/0	3.920	m
Broddfura	Weston pass	B-866	3/0	196	m
Fjallabínur			2/3	1.061	
Fjallabínur	Skagway	B-856	3/0	2.380	m
Síberíulerki	Altai	B-894	1/0	17.382	m
Grælri	Straumsb.	B-892	2/0	840	m
			samtals	431.781	

GRÓÐRARSTÖÐIN Tumastöðum Arið ... 1976

2. Dreifsetning og græðlingar. (Einnig drs.pl. til ahnara stöðva.)

Tegund	Kvæmi	Nr.	Aldur	Fjöldi	Skýringar
viðja				5.130	
Glávíðir				800	
Alaskaviðir	5 kvæmi			2.900	
Alaskaösp	12 kvæmi			4.390	
Ribs				1.350	14.570
Sumargræðlingar	30 tegundir				8.250
Pottað	10 tegundir				55.460
			Samtals		28.280

Afhentar dreifsetningar plöntur 1976.

Stafafura	Haines	B-854	2/0	52000	Laugabrikka
Stafafura	Haines	B-854	2/0	15500	Norðtunga
Sitkagreni	Homer	B-858	2/0	7.200	Norðtunga
Rauðgreni	Leirfj.	B-804	3/0	17550	Norðtunga
			Samtals	92250	

3. Afhentar plöntur.

Tegund	Kvæmi	Nr.	Aldur	Fjöldi	Skyringar
Birki	Hall.	B-810	2/1	4.800	
Birki			2/3	3.600	
Eiri	Davos	B-807	2/1	350	
Raudgreni	Leirfjord	B-804	2/2	21.025	
Raudgreni	Vang Löten	B-701	3/3	2.600	
Blægreni	Mc Kenzie	B-781	2/2	530	
Svartgreni	Alberta	B-721	3/3	2.620	
Sitkagreni	Old Sitka	B-757	2/4	800	
Sitkagreni	Tumast.	B-826	2/2	2.500	
Sitkagreni	Cordova	B-817	2/2	14.300	
Sitkagreni	Cordova	B-797	2/2	2.650	
Sitkagreni	Cordova	B-779	2/3	11.575	
Sitkagreni	Cordova	B-817	2/1	14.245	
Sitkagreni	Homer	B-858	2/1	4.130	
Sitkagreni	Cordova	B-779	3/2	7.700	
Sitkagreni	Homer	B-712	3/3	27.500	
Bergfura	H. confl.	B-840	2/1	16.750	
Bergfura	Cerdagne	B-763	3/2	750	
Bergfura	Pyr.	B-798	2/2	860	
Stafafura	Haines	B-854	2/1	9.160	
Stafafura	Skagway	B-890	2/1	4.275	
Stafafura	Skagway	B-816	2/2	10.965	
Stafafura	Skagway	B-855	2/1	34.700	
Broddfura	Hall.	B-744	3/3	4.000	
Siberiulerki	Ural.	B-836	1/2	2.300	
Siberiulerki	Altai	B-736	2/2	1.350	
Rússalerki	Baskkir	B-662	2/2	900	206.935

4. Garðplöntur afhentar.

	Minnsta hæð cm	Fjöldi stk.	ath.
Birki		936	
Stikaelri		20	
Gráelri		14	
Reyniviður		47	
Gráreynir		31	
Selja		20	
Alaskaösp		248	
Blágreni		53	
Sitkagreni		369	
Bergfura		43	
Broddfura		15	
Síberíulerki		107	
Ribs		134	
Fjallaribs		23	
Sölber		34	
Birkikvistur		406	
Perlukvistur		68	
Sunnukvistur		21	
Dögglingskvistur		48	
Garðakvistur		27	
Runnamura		24	
Rauðyllir		27	
Glæsitoppur		13	
Reyniblaðka		20	
Snjóber		31	
Glansmispill		34	
Viðja		560	
Alaskalúpína		56	
12 aðrar tegundir		50	
<hr/>			
Samtals		3.479	

5. Aætlað til afhendingar næsta vor og sumar.

bl 1

Tegund	Kvæmi	Nr.	Aldur	Fjöldi	Skýringar
Birki	Bæjarstað	B-844	2/0	7.150	
Birki	Hall.	B-900	1/1	8.000	m
Birki	Bæjarst.	B-844	2/1	4.000	m
Birki	Hall.	B-810	2/2	1.675	
Sitkagreni	Homer	B-858	2/2	80.000	
Sitkagreni	Cordova	B-817	2/3	17.500	
Sitkagreni	Cordova	B-779	3/3	17.000	
Sitkagreni	Cordova	B-817	2/2	35.500	m
Rauðgreni	Leirfj.	B-804	2/3	30000	m
Rauðgreni	Ringst.	B-761	2/3	1.000	m
Bergfura	H. confl.	B-840	2/2	12.500	
Stafafura	Haines	B-854	2/2	13.750	
Stafafura	Haines	B-854	2/2	3.000	smáar f. S.r.
Stafafura	Skagway	B-855	2/2	31.650	
Stafafura	Skagway	B-855	2/2	2.500	smáar f. S.r.
Stafafura	Skagway	B-890	2/1	14.700	m
Stafafura	Haines	B-854	2/2	12.000	m
Bergfura	H. confl.	B-840	2/2	3.000	m
Bergfura	Pyr.	B-928	2/0	1.000	Bakka plöntur
Síberíulerki	Altaí	B-894	2/0	1.000	Bakka plöntur
Stafafura	Haines	B-908	2/0	1.000	Bakkaplöntur
<u>Síðsumars</u>				270.925	
Stafafura	Skagway	B-890	2/1	48.500	m
Stafafura	Halnes	B-854	2/1	2.600	m
Síberíulerki	Altaí	B-894	1/0	3.500	Bakka plöntur
				54.600	

Samtals 325.525

GRÓÐRARSTÖÐIN Tumastöðum Arið 1976

5. Aætlað til afhendingar næsta vor og sumar.

b1.2

Tegund	Kvæmi	Nr.	Aldur	Fjöldi	Skýringar
			Flutt	325.525	
<u>pessar plöntur hafa begar veið ráðstafað.</u>					
Sitkagreni	Homer	B-858	2/2	4.500	Tumastaðir
Sitkagreni	Cordova	B-817	2/3	3.500	Tumastaðir
Sitkagreni	Cordova	B-779	3/3	4.000	Tumastaðir
Sitkagreni	Cordova	B-817	2/2	20.000	Borgarsjóður
Sitkagreni	Cordova	B-797	2/3	750	Pjórsárdalur
Sitkagreni	Tumast.	B-826	2/3	2.000	Tumastaðir
Sitkagreni	Cordova	B-817	2/3	6.750	Pjórsárdalur
Hvítgreni	Kenai	B-857	2/2	500	Pjórsárdalur
Bergfura	Pyr.	B-928	2/0	700	Tumast.
Birki	Bæjarst.	B-844	2/0	1.300	Tumast.
Síberíulerki	Altái	B-894	2/0	400	Tumast.
Stafafura	Haines	B-908	2/0	500	Tumast.
				44.900	
Sitkagreni	Cordova	B-779	2/4	9.000	Ónytt kastað
			Samtals	379.425	
			=====	=====	

GRÓÐRARSTÖÐIN..... Tumastöðum Árið 1976

6. Áætlað til dreifsetningar árið ...1977....

Tegund	Kvæmi	Nr.	Aldur	Fjöldi	Skýringar
Birki	Bæjarstað	B-844	2/0	19.000	
Sitkagreni	Haines	B-911	2/0	65.000	
Sitkagreni	Homer	B-858	2/0	40.000	
Sitkagreni	Tumast.	B-919	2/0	4.000	
Sitkagreni	Múlakoti	B-920	2/0	4.500	
Sitkagreni	Múlakoti	B-921	2/0	1.500	
Sitkagreni	Háafell	B-922	2/0	7.500	
Sitkagreni	Selfoss	B-903	2/0	2.000	
Sitkagreni	Tumast.	B-915	2/0	30.000	
Blágreni		B-914	2/0	5.000	
Rauðgreni	Bindal	B-803	2/0	40.000	
Stafafura	Skagway	B-890	2/0	160.000	
Stafafura	Skagway	B-855	2/2	4.000	
Stafafura	Haines	B-854	2/2	1.000	
Síberíulerki	Altai	B-894	1/0	27.000	
	Samtals			410.500	

GRÓÐRARSTÖÐIN.....Tumastöðum.....Arið1976.....

Grððursetningar

6. Aætlað til ~~maður~~ márið ..1977.....